

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Svava S. Steinarsdóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2019

Tilvísun: 201906055/5.1

Efni: Landfylling fyrir nýja byggð í Skerjafirði- beiðni um umsögn

Efla verkfræðistofa, f.h. Reykjavíkurborgar, hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 17. júlí 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.


Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 8. ágúst 2019 og einnig á tölvupóstfang: egill@skipulag.is og jonsmari@skipulag.is.



Jakob Gunnarsson





Skipulagsstofnun
b.t. Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 16. ágúst 2019
Tilvísun: 5.1/201906055

Landfylling fyrir nýja byggð í Skerjafirði – beiðni um umsögn

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 18. júlí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar, umhverfis- og skipulagssviðs um hvort framkvæmd Reykjavíkurborgar á 4,3 hektara landfyllingu og sjóvarnargarði í Skerjafirði, vestan við Reykjavíkflugvöll, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til laga nr. 106/2000 og reglugerðar nr. 660/2015.

Um er að ræða framkvæmd Reykjavíkurborgar sem að stórum hluta hefur verið undirbúin af umhverfis- og skipulagssviði og var skrifstofa umhverfisgæða sem fer með málefni náttúruverndar og önnur umhverfismál til ráðgjafar í þeim undirbúningi. Í tilkynningunni, sem Efla verkfræðistofa vann f.h. Reykjavíkurborgar og í góðu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, er ítarleg umfjöllun um efnisleg atriði er varða eðli framkvæmdar, stærð hennar, eiginleika og möguleg umhverfisáhrif og því ekki þörf á að endurtaka nákvæma umfjöllun um einstaka efnisþætti í þessari umsögn. Í tilkynningunni á bls. 22 eru einnig tilgreind þau leyfi sem framkvæmdin er háð og þar kemur fram að framkvæmdin sé háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt 13.-15. grein Skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tilkynningunni kemur fram að líkleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu að hluta til neikvæð, einkum áhrif á gróður, strand- og sjávarlífríki og fuglalíf. Er það m.a. byggt á niðurstöðum nýrra athugana á lífríki sem framkvæmdar voru fyrir Reykjavíkurborg og fylgja með tilkynningunni. Einnig kemur fram að áhrif á aðra umhverfisþætti séu metin óveruleg. Er þar m.a. átt við áhrif á strauma, fornminjar, ásýnd, hljóðvist og loftgæði, landnotkun og útivist. Greint er frá áformum um mótvægisáðgerðir sem munu veða á móti neikvæðum áhrifum og veða þar þyngst áform um að landfyllingin verði hönnuð á þá vegu að líkt verði eftir náttúrulegri strönd og að fjörubotninn verði með sem fjölbreyttasti kornastærð. Þá mun sjóvarnargarður skýla ströndinni frá þungri öldu og stuðla að því að fínt undirlag haldist í fjörunni og leirur myndist. Með þessum áðgerðum er stefnt að því að mikilvæg búsvæði fyrir strand- og sjávarlíf og fuglalíf endurheimtist að einhverju leyti.

Einnig kemur fram í tilkynningunni að umhverfislegur ávinningur er af framkvæmdinni þar sem hún felur í sér þéttingu byggðar, hagkvæmari nýtingu lands og breytingu ferðamáta auk þess sem til stendur að nýta í hana efni sem fellur til við framkvæmdir Nýja Landspítalans og á öðrum þéttingarreitum, sem að öðru leyti hefði þurft að farga og keyra burt langar vegalengdir með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun.

Áætluð framkvæmd er á viðkvæmu náttúrusvæði með umtalsvert verndargildi og þar finnast vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2012. Skerjafjörður er metinn sem mikilvægt fuglasvæði og er eitt af náttúrusvæðum sem Náttúrufræðistofnun telur að skuli friðlýsa samkvæmt tillögum þeirra fyrir B-hluta náttúruminjaskrár sem er í undirbúningi hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stór hluti



strandlínu Skerjafjarðar í Reykjavík er verndaður m.a. friðlýstur að hluta í Fossvogi en einnig undir hverfisvernd. Það á ekki við um áætlað framkvæmdasvæði en það er nátengt fyrrnefndum svæðum auk þess sem það hefur mikið útivistargildi. Mikilvægt er því að mati Reykjavíkurborgar að tryggja að ákvarðanir um framkvæmdina séu teknar af varfærni og með virðingu fyrir viðkvæmri náttúru og að tryggt sé að allar nauðsynlegar upplýsingar séu fyrir hendi.

Tilkynningin um framkvæmdina er að mati umhverfis – og skipulagsviðs Reykjavíkur vönduð og mjög ítarleg og tekur gaumgæfilega á helstu atriðum er varða eiginleika framkvæmdar og möguleg umhverfisáhrif hennar. Nýjar rannsóknir og athuganir á t.d. lífríki og straumum hafa nú þegar farið fram og er gerð grein fyrir þeim í tilkynningunni. Ef framkvæmdin fer í fullt mat á umhverfisáhrifum eru því mörg atriði vel þekkt nú þegar sem myndi nýtast og ætti að flýta fyrir vinnslu matsáætlunar og frummatsskýrslu. Mat á umhverfisáhrifum myndi gefa tækifæri til að rannsaka og greina einstaka umhverfisþætti betur svo sem fuglalíf á öllum árstímum, ásýndaráhrif landfyllingar og mögulega mengunarhættu t.d. vegna jarðvegsmengunar. Þá væri hægt að greina betur frá áætluðum mótvægisáðgerðum, sér í lagi endurgerð náttúrulegrar strandlínu, tilgreina nánar hvernig nýting efnis frá þéttingarreitum muni hafa jákvæðan umhverfisávinning og ekki síst skoða betur hver samlegðaráhrif framkvæmdarinnar eru með öðrum nálægum framkvæmdum t.d. við Fossvogsbrú. Þá er vinna við deiliskipulag nýrrar byggðar í Skerjafirði norðan við áætlaða landfyllingu í vinnslu og mun sú vinna án efa veita nýjar og mikilvægar upplýsingar inn í umhverfismatið eftir því sem það vinnst áfram. Loks er rétt að nefna að mat á umhverfisáhrifum veitir öllum sem málið varða tækifæri til að veita umsögn um framkvæmdina og góður tími gefast fyrir umræðu og samráð.

Það er því mat umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að í ljósi eðlis framkvæmdar, viðkvæmrar náttúru svæðisins og líklegra umhverfisáhrifa sé skynsamlegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri á skrifstofu
umhverfisgæða.



Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 15. ágúst 2019
Tilvísun: 2019080253

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um landfyllingu fyrir nýja byggð í Skerjafirði

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. júlí 2019 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um landfyllingu fyrir nýja byggð í Skerjafirði. Taka skal afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og hvernig framkvæmdin varðar starfssvið umsagnaraðila. HER hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð starfsleyfi HER á framkvæmdatíma vegna losunar á óvirkum úrgangi frá byggingarsvæðum og landmótunar. Að mati HER er ágætlega gerð grein fyrir framkvæmdinni í meðfylgjandi greinargerð en þó eru ákveðin mikilvæg atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Fram kemur í greinargerð að beina á umferð vegna efnisflutninga um Nauthólsveg en þar eru bæði leikskóli og barnaskóli rétt við veginn, auk Háskólans í Reykjavík. Aukin umferð getur haft í för með sér rykmengun, aukna loftmengun og meiri hávaðamengun en þetta svæði er þegar undir álagi vegna umferðar bíla og flugvéla. Mikið álag er á Nauthólsvegi vegna umferðar til og frá þessum skólum og miklar umferðarteppur myndast á álagstímum, slíkt gæti aukist tímabundið meðan efnisflutningar fara fram. Greina þarf til hvaða mótvægisáðgerða er hægt að grípa til að bregðast við því. Eins geta efnisflutningar um svæðið haft áhrif á útivistarsvæði í Nauthólsvík og íbúabyggð í gamla Skerjafirði. Að mati HER þarf að greina áhrif efnisflutninganna betur en gert er í greinargerð. Einnig þarf að meta samlegðaráhrif annarra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á sama svæði, bæði framkvæmdir við Fossvogsbrú og fyrirhugaða íbúabyggð í norðurhluta Nýja Skerjafjarðar.



Eins og fram kemur í greinargerð liggur framkvæmdasvæðið að verndarsvæðum auk þess sem fyrirhugað er að friðlýsa Skerjafjörð í heild sinni. Þar sem óhjákvæmilega verður truflun fyrir lífríki á svæðinu á framkvæmdatíma telur HER nauðsynlegt að fara í ítarlegra mat á áhrifum framkvæmdarinnar, ekki síst vegna þess að framkvæmdir við Fossvogbrú munu einnig valda álagi á sama svæði. Eins og fyrr hefur verið rætt þarf að skoða samlegðaráhrif þessara framkvæmda.

Í ljósi ofangreinds er það niðurstaða HER að æskilegt sé að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi